



Námsúrræði í atvinnuleit

**MENNTATORG**

[www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is)

## UM MENNTAORG.IS

---

Vefsíðan **www.menntatorg.is** er hugmynd samstarfshóps um menntunarúrræði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kom á laggirnar haustið 2008. Fulltrúar ASÍ, SA, Vinnumálastofnunar, BSRB, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, menntamálaráðuneytis, Starfsmenntaráðs, fræðsluaðila og fræðslusjóða eiga sæti í samstarfshópnum.

## Vissir þú ...

að í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunar er mögulegt að stunda nám samhliða því að fá atvinnuleysisbætur? Námskrár (vottaðar námsleiðir) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru dæmi um slíkt nám en menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta þær til styttingar á námi í framhaldsskóla. Fáðu frekari upplýsingar um nám og námskeið hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar (sími: 515-4850) eða á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

# *Vissir þú ...*

að ef þú færð atvinnuleysisbætur er Vinnumálastofnun heimilt að gera við þig sérstakan samning um starfstengt nám? Fáðu frekari upplýsingar um námssamninga hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar (sími: 515-4850) eða á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

## Vissir þú ...

að ef þú gerir námssamning við Vinnumálastofnun um starfstengt nám eða námskeið hefur þú möguleika á að sækja um á styrk frá Vinnumálastofnun til að greiða hluta af námskeiðsgjaldi? Fjöldmörg stéttarfélög bjóða einnig félagsmönnum sínum upp á ýmsa styrki vegna náms og námskeiða. Fáðu frekari upplýsingar um námsstyrki hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar (sími: 515-4850), hjá þínu stéttarfélagi eða á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

## *Vissir þú ...*

að á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar og hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum getur þú rætt við náms- og starfsráðgjafa þér að kostnaðarlausu til að átta þig á hvaða möguleika þú átt til náms? Fáðu frekari upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

## Vissir þú ...

að þú getur hugsanlega fengið raunverulega færni þína metna (raunfærnimat) til að auðvelda þér að ljúka iðnnámi? Skilyrði fyrir raunfærnimati í iðngrein eru að minnsta kosti 5 ára staðfestur vinnutími í greininni og að þú sért að minnsta kosti 25 ára. Fáðu frekari upplýsingar um raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri (sími: 590-6400), Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins (sími: 580-5252) eða á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

### *Vissir þú ...*

að ef þú hefur viðskiptahugmynd, sem uppfyllir ákveðin skilyrði, getur þú gert samning við Vinnumálastofnun um að vinna í allt að sex mánuði að þróun hennar á meðan þú ert á atvinnuleysisbótum? Fáðu frekari upplýsingar um samning vegna vinnu við eigin viðskiptahugmynd jafnframt greiðslum atvinnuleysisbóta hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar (sími: 515-4850) eða á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

## *Vissir þú ...*

að það er mjög mikilvægt að gera áætlun um hvernig þú ætlar að haga atvinnuleit þinni; fylgjast með auglýsingum, heimsækja fyrirtæki og virkja tengslanet þitt í atvinnuleitinni? Fáðu frekari upplýsingar um atvinnuleit á [www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is).

*Vissir þú ...*

**1717**

að Hjálparsími Rauða krossins 1717 er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna kvíða, þunglyndis, depurðar eða efnahagsáhyggna? Í Hjálparsímanum geta atvinnuleitendur einnig fengið upplýsingar um stutt nám og námskeið.

## UPPLÝSINGAR

---

Fáðu upplýsingar um nám og önnur vinnumarkaðsúrræði hjá ráðgjöfum Vinnu-  
málastofnunar (sími: 515-4850) eða á **[www.menntatorg.is](http://www.menntatorg.is)**.

[www.mennta.org.is](http://www.mennta.org.is)